



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1323

FUNDARBOÐ

**1323. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í fjarfundi,
1. desember 2020 og hefst kl. 17:00**

Fundurinn fer fram í fjarfundi og í lok fundar samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti.

Forseti býður fundarmenn velkomna til fundar.

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2010230 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2021-2024

Bæjarráð samþykkti 2:0 fyrirbyggjandi fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2021 og þriggja ára áætlun vegna áráanna 2022 til og með 2024.

Áætluninni er vísað til endanlegrar ákvörðunar í bæjarstjórn Akraness.

2. 2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024

Bæjarráð samþykkir 2:0 að vísa fjárhagsáætlun ársins 2021 og þriggja ára áætlun vegna áráanna 2022 til og með 2024 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni til fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 1. desember næstkomandi.

3. 2001210 - Umbótavinna á rekstri og innra vinnulagi hjá Akraneskaupstað

Stjórnkerfisbreytingar hjá Akraneskaupstað hafa verið til meðferðar hjá embættismönnum og kjörnum fulltrúum síðastliðna mánuði.

Upphafið af þeirri vinnu má rekja til samþykktar bæjarráðs Akraness frá 27. febrúar sl. um að ráðast í umbótavinnu á rekstri og innra vinnulagi kaupstaðarins. Markmið þess verkefnis var að ná fram aukinni skilvirkni í starfsemi stjórnarsýslu sveitarfélagsins með breytingum á stjórnun, verkferlum og samstarfi.

Meirihluti bæjarráðs samþykkti á fundi sínum þann 26. nóvember sl. nýtt skipurit ásamt greinargerð og tillögum um stjórnkerfisbreytingar.

Ákvörðuninni er vísað til málsmeðferðar í bæjarstjórn Akraness og gert er ráð fyrir tveimur umræðum, þ.e. 1. desember og 15. desember næstkomandi.

4. 2003227 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2020

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 32 við fjárhagsáætlun ársins 2020. Viðaukinn felur í sér ráðstöfun að fjárhæð kr. 53.130.489 vegna samþykktar kjarasamnings Félags grunnskólakennara og er mætt með auknum tekjumframlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Viðaukinn hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

Bæjarráð vísar viðaukanum til samþykktar í bæjarstjórn Akraness

5. 2002074 - Fjárhagsáætlun 2020 - viðaukar

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 33 við fjárhagsáætlun ársins 2020 sem felur í sér breytingar milli liða sem ekki hafa áhrif á áætlaða rekstrarniðurstöðu.

Í viðaukanum er einnig breyting á fjárhagsáætlun vegna aukinna gatnagerðargjalda sem leiðir til hækkunar á áætluðum rekstrarafgangi.

Bæjarráð vísar viðaukanum til samþykktar í bæjarstjórn.

Fundargerðir til kynningar

6. 2001002 - Fundargerðir 2020 - Bæjarráð

3438. fundargerð bæjarráðs frá 17. nóvember 2020.

3440. fundargerð bæjarráðs frá 26. nóvember 2020.

7. 2001004 - Fundargerðir 2020 - Skóla- og frístundaráð

148. fundargerð skóla- og frístundaráð frá 27. nóvember 2020.pdf

8. 2002057 - Fundargerðir 2020 og tilkynningar - Samband íslenskra sveitarfélaga

891. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 20. nóvember 2020.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.